

Þriðjudaginn 21. janúar 1975.

Nr. 111/1974. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Hreppsnefndum Ásahrepps og Djúpár-
hrepps vegna hreppanna og eigendum og
ábúendum jarða í þeim hreppum**

(Páll S. Pálsson hrl.)

**Hreppsnefndum Holtahrepps og Land-
mannahrepps vegna hreppanna, eigendum
og ábúendum jarða í þeim hreppum og
eigendum jarðanna Næfurholts og Hóla
í Rangárvallahreppi**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

**Hreppsnefnd Skaftártunguhrepps vegna
hreppsins og eigendum og ábúendum
jarða í þeim hreppi**

(Skúli J. Pálmason hrl.)

**Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu vegna
sýslunnar og hreppsnefnd Saurbæjar-
hrepps vegna hreppsins**

(Friðrik Magnússon hrl.)

og

**Hreppsnefndum Bárðdælahrepps og
Ljósavatnshrepps vegna hreppanna og
eigendum og ábúendum jarða í þeim
hreppum**

(Jón Finnsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.**

Kærumál. Frávisunardómur staðfestur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr.
21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með

kæru 7. maí 1974, sem Hæstarétti barst 4. júní 1974. Krefst hann þess, að frávísunardómur aukadómpings Rangárvallasýslu, uppkveðinn 24. apríl 1974, verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdóm að dæma um efni málsins. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi allra varnaraðilja nema hreppsnefnda Bárðdælahrepps og Ljósavatnshrepps vegna hreppanna og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum.

Varnaraðiljar Ásahreppur, Djúpárhreppur, Holtahreppur, Landmannahreppur og eigendur jarða Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi hafa krafist þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur, þó þannig, að dæmd gjafvarnarlaun til talsmanna þeirra verði hækkuð. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðiljar Eyjafjarðarsýsla og Saurbæjarhreppur krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðiljar Bárðdælahreppur og Ljósavatnshreppur svo og eigendur og ábúendur jarða í þeim hreppum krefjast þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur. Verði frávísunardómur staðfestur eða meðferð málsins ómerkt frá upphafi, krefjast þeir þess, að ákveðin verði hæfileg málsvarnarlaun til talsmanna þeirra í héraði og fyrir flutning kærumáls þessa fyrir Hæstarétti.

Varnaraðiljar Skaftártunguhreppur og eigendur og ábúendur jarða í þeim hreppi hafa einungis uppi þær kröfur fyrir Hæstarétti, að dæmd gjafvarnarlaun verði staðfest.

Kærumál þetta hefur verið munnlega flutt samkvæmt 2. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1973.

I.

Mál þetta hefur verið rekið fyrir aukadómpingi Rangárvallasýslu. Það hefur verið dæmt með samdómendum.

II.

Könnun á málalíbúnaði leiðir eftirfarandi í ljós:

1. Sóknaraðili fór þess á leit við sýslumann Rangárvallasýslu með bréfi, dags. 19. ágúst 1971, að hann gæfi út „opin-

bera eignardómsstefnu“ samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936. Er bréf þetta í heild tekið upp í hinn kærða dóm. Bréfinu fylgdi endurrit af mótmælum, sem uppi voru höfð af hálfu sóknaraðilja á stofnfundi Veiðifélags Þórisvatns hinn 8. ágúst 1971. Þá fylgdi enn fremur stefna sú, sem tekin er upp í hinn kærða dóm. Gaf sýslumaður Rangárvallasýslu hana út hinn 26. ágúst 1971, og er hún birt með þeim hætti, er greinir í hinum kærða dómi.

Með bréfi, dags. 10. október 1973, óskaði sóknaraðili þess, að formaður dómsins, er fór með málið í héraði, gæfi út framhaldsstefnu. Varð dómsformaður við þeim tilmælum og gaf út opinbera framhaldsstefnu hinn 26. október s. á. Var stefnan birt í Lögbirtingablaði 2. nóvember 1973. Er meginefni hennar tekið upp í héraðsdóm.

Bréf sóknaraðilja til sýslumanns Rangárvallasýslu, er fyrr greinir, fól eigi í sér næga greinargerð um heimild að lögum til útgáfu eignardómsstefnu. Að svo förnu mátti héraðsdómari eigi gefa hana út, sbr. 220. gr., 217. og 218. gr. laga nr. 85/1936.

2. Svo sem rakið er í héraðsdómi, krefst sóknaraðili í frumstefnu 26. ágúst 1971 viðurkenningar á „eignarrétti ríkisins að Þórisvatni og Holtamannaafrétti og almenningum, til forna nefnt Þjórsártungur“. Hann kveðst þó viðurkenna „rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem hefð og venjur eru fyrir, svo langt sem þau koma til greina og með tilheyrandi skyldum og kvöðum“, en telja sig „eiganda („grunn“-eiganda) til lands, vatna og vatnsbotna, með öllum verðmætum (jarðefnum) í jörðu og á, þar á meðal vatnsréttinda allra á hinu umstefnda svæði“. Er síðar í stefnunni lýst með talningu kennileita mörkum svæðis þess, sem krafist er eignardóms fyrir. Í greinargerð sóknaraðilja í héraði eru kröfur þessar ítrekaðar og krafist dóms um eignarrétt hans að landsvæði þessu „að undanskildum hefð- og lögbundnum réttindum afréttarhafa“. Ekki eru þau réttindi, sem sóknaraðili telur takmarka eignarrétt sinn, nánar skilgreind í greinargerðinni. Í framhaldsstefnu sóknaraðilja 26. október 1973 er mörkum landsvæðis þess, sem krafa er gerð

til, lýst með talningu kennileita og þau mörkuð á landabréf. Krefst sóknaraðili þar viðurkenningar á eignarrétti sínum að landsvæði því, sem á landabréfið er markað, ásamt „vötnum og vatnsbotnum, með öllum verðmætum og jarðefnum, í jörðu og á, svo og vatnsréttindum, en að viðurkenndum rétti bænda (lögbyla) til venjulegra og hefðbundinna afréttarnota svo langt sem þau koma til greina, ásamt með tilheyrandi skyldum og kvöðum“. Kröfur þessar eru ítrekaðar í greinargerð framhaldssakar.

Það er grundvallarregla íslensks réttar, að sá, sem krefst réttinda sér til handa í dómsmáli, verði að gera skýra grein fyrir þeim. Í máli þessu hefur sóknaraðili ekki greint skýrlega, hver séu fasteignarréttindi þau, sem hann telur sig eiga, en skorta formlegar heimildir um. Meðal annars brestur alveg skilgreiningu á, hver afnotaréttindi, kvaðir og önnur óbein eignarréttindi hann viðurkenni, að aðrir aðiljar eigi á landsvæði því, er hann telur eign sína.

3. Svo sem sakarefni er markað í máli þessu, bendir margt til þess, að landsvæði þau, er málssóknin varðar, teljist til fleiri en eins lögsagnarumdæmis. Er þá athugunarefni, hvort varnarþing sé rétt, eins og á stendur, shr. 216. og 220. gr. laga nr. 85/1936. Sakarefni er eigi afmarkað landfræðilega með þeim hætti, að gerlegt sé að fjalla um þessa hlið málsins.

Eins og lýst hefur verið hér að framan, er málssókn þessi haldin slíkum megingöllum, að vísa ber málinu frá héraðsdómi. Samkvæmt þessu verður staðfest niðurstaða hins kærða dóms um frávisun málsins, ákvörðun málskostnaðar og gjafvarnarkostnaðar.

Kærumálskostnaður falli niður.

Staðfesta ber athugasemdir héraðsdóms um meðferð málsins.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég vísa til atkvæðis meiri hluta dómenda um kröfugerð málsaðilja fyrir Hæstarétti.

II.

Sóknaraðili gerði eigi glögga grein fyrir því í beiðni til sýslumanns Rangárvallasýslu 19. ágúst 1971 um útgáfu eignardómsstefnu, með hverri heimild hann teldi sig kominn að þeim landsvæðum, sem hann beiddist eignardóms fyrir. Tilgreining fasteignar þeirrar, er eignardómsbeiðnin tók til, var með öllu óljós og sú ein, að um væri að ræða afréttir og hálendisvæði í og upp af embættisumdæmi héraðsdómarans. Verður ekki séð, að héraðsdómari hafi krafið sóknaraðilja nánari skýrslu um framangreind atriði, áður en hann gaf út eignardómsstefnu, svo sem rétt hefði verið. Samkvæmt þessu fullnægði sóknaraðili eigi skilyrðum þeim, sem sett eru í 220. gr., sbr. 217. gr. laga nr. 85/1936 fyrir því, að orðið yrði við beiðni hans um útgáfu eignardómsstefnu.

Ljóst er af málsreifun sóknaraðilja fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, að hann reisir kröfur sínar um eignardóm fyrir landsvæðum þeim, sem um getur í eignardómsstefnu 26. ágúst 1971 og framhaldsstefnu 26. október 1973, á því, að landsvæði þessi séu almenningur og hafi engir tekið á þeim heimildir til fullkominna eignarráða. Hluti þeirra sé að vísu afréttur, Holtamannaafréttur, en af því leiði það eitt, að afréttarhafar megi nota afréttinn „til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem hefð og venjur eru fyrir, svo langt sem þau koma til greina og með tilheyrandi skyldum og kvöðum“. Hins vegar sé sóknaraðili fortakslaust eigandi allra landsvæðanna samkvæmt þeirri réttarreglu, að ríkið eigi öll lönd, sem aðrir hafi ekki stofnað til eignarréttar yfir sér til handa.

Samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936 getur maður beiðst útgáfu eignardómsstefnu, ef hann sannar eða gerir sennilegt,

„að hann hafi öðlast réttindi yfir fasteign . . . með samningi eða hefð, en hann skortir skilríki fyrir rétti sínum“. Að fram-
an hefur verið lýst þeim lagagrundvelli, sem sóknaraðili reis-
ir eignardómskröfu sína á. Hann hefur hvorki haft umrædd
landsvæði í eignarhaldi, sem leitt gæti til hefðar, né reisir
hann eignartilkall sitt á öðrum réttaratvikum, sem 220. gr.
tekur til berum orðum eða fyrir lögjöfnun. Þegar af þeim
ástæðum, sem nú hafa verið greindar, er ég samþykkur at-
kvæði meiri hluta dómenda um, að staðfesta beri úrlausn
héraðsdóms um, að málinu skuli vísað frá dómi.

Þar sem ég fellst einnig á atkvæði meiri hluta dómenda,
að því er varðar málskostnað, gjafvarnarlaun og athuga-
semdir héraðsdóms um málsmeðferð í héraði, er ég sam-
þykkur dómsorðinu.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 24. apríl 1974.

Mál þetta var dómtekið 22. f. m.

Tildrög málshöfðunar þessarar eru þau, að hinn 19. ágúst 1971
ritaði lögmaður stefnanda sýslumanninum í Rangárvallasýslu svo-
fellt bréf:

„Í framhaldi af samtölum við yður, herra sýslumaður, sbr. og
meðf. mótmælagarð á stofnfundi svokallaðs „Veðifélags Þóris-
vatns“ 8. þ. m. leyfi ég mér hérmeð f. h. Fjármálaráðuneytisins
að fara þess á leit, að þér gefið út með heimild í 220. gr. einka-
málalaga opinbera eignardómsstefnu til þess að fá ákveðna með
dómi eignarréttarstöðu afretta og hálendisvæðanna í og upp af
embættisumdæmi yðar, þ. á m. Þórisvatnssvæðisins. Augljóst er,
að venjuleg dómsmeðferð verður ekki viðhöfð, m. a. af því, að
hvergi er á vísan að róa um varnaraðild(ir). Ég vænti þess því,
að þér gefið út opinbera eignardómsstefnu, og hefi ég í því skyni
látið fylgja uppkast að slíkri stefnu, sem ég fer fram á, að þér
undirritið eftir að hafa ákveðið fyrirtökudag. Um fyrirtökustað
og varnarþing færi eftir því, sem við höfum talað um, og varla
getur annars staðar verið en á skrifstofu embættis yðar.“

Hinn 26. ágúst 1971 gaf sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu út
opinbera stefnu með svofelldum kröfum:

„Fjármálaráðherra Halldór E. Sigurðsson hefir fyrir hönd rík-
issjóðs farið þess á leit samkvæmt 220. grein laga nr. 85 1936,
að út verði gefin eignardómsstefna til viðurkenningar á eignar-

réttri ríkisins að Þórisvatni og Holtamannaafrétti, og almenningum, til forna nefnt Þjórsártungur, en bein formleg eignarheimild að landsvæðum þessum liggur ekki fyrir. Er mikils um vert, og öllum hlutaðeigendum nauðsynlegt, að fá skorið úr um réttarstöðu þessara landsvæða, enda líklegt, að dómur í málinu yrði til mikilsverðrar leiðbeiningar um eignarréttarstöðu gagnvart öðrum afréttum í landinu, enda þótt því sé að visu haldið fram, að um Holtamannaafrétt gæti nokkurrar sérstöðu. Ríkisvaldið viðurkennir rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem hefð og venjur eru fyrir, svo langt sem þau koma til greina og með tilheyrandi skyldum og kvöðum. Hins vegar telur það sig fortakslaust eiganda („grunn“-eiganda) til lands, vatna og vatnsbotna, með öllum verðmætum (jarðefnum) í jörðu og á, og þar á meðal vatnsréttinda allra á hinu umstefnda svæði. Landsvæði þau, sem málssókn þessi tekur til, afmarkast af Þjórsá að vestan, Sprengisandi eftir vatnaskilum að norðan, Tungnaá að sunnan, en að austan eftir Blautukvísl frá Tungnaá í Blautukvíslarbotna, þaðan sjónhending í Þóristind, þaðan í Þveröldu norðaustan Þórisvatns og síðan austur í Svartakamb, þar sem hann er hæstur og þvert í Tungnaá. Þaðan upp eftir Tungnaá og allt upp til jökla, síðan til Vonarskarðs, Tungnafellsjökuls og loks norður á Sprengisand, eins og fyrr var sagt. Eru mörk þessi að svo stöddu ákveðin sumpart eftir svokölluðum landamerkjaskráum afréttarins og sumpart dómssátt frá 7. ágúst 1951, en jafnframt áskilinn réttur til breytinga á kröfugerðinni síðar, hvað merkin snertir. Ennfremur er áskilinn réttur til þess að fá ákveðin með dómi, mati eða samkomulagi, mörk milli afréttar og almenninga á hinum umstefndu landsvæðum, ef ástæður þykja til.

Eins og málavöxtum er háttað, þykir eðlilegast að reka mál þetta fyrir aukadómpingi Rangárvallasýslu og þingfesta það á skrifstofu sýslunnar á Hvolsvelli.“

Birtist stefna þessi í 51. tbl. 64. árgangs Lögbirtingablaðsins, sem út kom hinn 8. september 1971. Við þingfestingu málsins hinn 26. nóvember 1971 var sótt þing af hálfu Ásahrepps og Djúpárhrepps í Rangárvallasýslu og einnig af hálfu einstakra jarðeigenda og ábúenda í hreppum þessum. Í greinargerð, sem fram hefur komið sameiginlega af hálfu þessara aðilja, eru þessar dómkröfur gerðar:

1. Að hrundið verði öllum kröfum stefnanda.
2. Að viðurkenndur verði að óskiptu eignarréttur nefndra hreppsfélaga, en til vara allra téðra jarðeigenda hvers um

sig og sameiginlega, að landsvæðum þeim, er um getur í stefnu, með öllum gögnum og gæðum, í jörðu og á.

3. Að stefnanda verði gert að greiða þessum aðiljum málskostnað að skaðlausu.

Við þingfestingu málsins var einnig sótt þing af hálfu samtaka sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi vegna „hins forna Sunnlendingafjórðungs“ og þessum aðilja áskilinn réttur til kröfugerðar í málinu. Af hálfu þessa aðilja hefur eigi komið fram greinargerð eða kröfur.

Við þingfestingu málsins var einnig sótt þing af hálfu Holtahrepps og Landmannahrepps og eigenda og ábúenda jarða í þessum hreppum svo og af hálfu eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi. Í greinargerð, sem fram hefur komið sameiginlega af hálfu þessara aðilja, eru þær dómkröfur gerðar, að kröfum stefnanda verði hrundið og viðurkenndur verði með dómi í málinu sameignarréttur þessara aðilja með Ásahreppi og Djúpárhreppi að landsvæðum þeim, sem eignardómsstefnan fjallar um, „þ. e. svonefndum Holtamannaafrétti og Þjórsártungum“ samkvæmt mati óvilhallra manna. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Við þingfestingu málsins var að lokum sótt þing af hálfu Skaftártunguhrepps í Vestur-Skaftafellssýslu og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi. Í greinargerð, sem fram hefur komið af hálfu þessara aðilja sameiginlega, eru þær dómkröfur gerðar, að kröfum stefnanda verði hrundið, að því er varðar þann hluta þess landsvæðis, sem eignardómsstefnan tekur til, sem er austan af réttarmarka Skaftártunguhrepps, en jafnframt muni vera mörk milli Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu, en þau séu úr mynni Námskvíslar, þar sem hún fellur í Tungnaá, beina stefnu í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatn, en að norðan verði mörkin að svo stöddu talin bein lína úr Þveröldu um Svartakamb í Tungnaá. Jafnframt er þess krafist, að viðurkenndur verði eignarréttur þessara aðilja að framangreindu landsvæði með öllum verðmætum gögnum og gæðum í jörðu og á, þar með töldum vatnsréttindum. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Er næst var háð þing í málinu hinn 6. maí 1972 var nú með samþykki fyrri aðilja einnig sótt þing af hálfu Bárðdælahrepps og Ljósavatnshrepps í Suður-Þingeyjarsýslu og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum. Í greinargerð, sem fram hefur komið sameiginlega af hálfu þessara aðilja, eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, að því er snertir land-

svæði þau á Sprengisandi og umhverfis Sprengisand, sem frá fornu fari hafa verið smöluð frá þessum hreppum, nánar tiltekið „norðan línu, sem dregin er úr Klakk eftir Háöldukvísl til Bergvatnaskvíslar, frá ármótum Bergvatnaskvíslar og Fjórðungskvíslar um vatnaskil sunnan Fjórðungskvíslar og síðan suðaustur í Vatnajökli á Bárðarbungu, þar sem hún er hæst.“ Jafnframt er þess krafist, að viðurkenndur verði eignarréttur þessara aðilja að nefndum landsvæðum með öllum verðmætum, gögnum og gæðum í jörðu og þar á meðal vatnsréttindum. Þá er þess og krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða þessum aðiljum málskostnað í málinu að mati dómsins. Það kemur fram í greinargerð þessara aðilja, að ekki sé gerð frávísunarkrafa, þó að tvímælis kunni að orka, að málið sé höfðað á réttu varnarþingi, að því er þessa aðilja varðar.

Með bréfi, dags. hinn 10. október 1973, fór lögmaður stefnanda þess á leit við formann dómsins, að gefin yrði út framhaldsstefna í málinu, er hafði að geyma svohljóðandi kröfugerð: „ Að fjármálaráðherra, Halldór E. Sigurðsson, hefir farið þess á leit fyrir hönd ríkissjóðs, að út verði gefin — samkv. heimild í 220. gr. laga nr. 85/1936 — framhaldsstefna í eignardómsmáli því, er höfðað var með opinberri stefnu, dags. 26. ágúst 1971, til viðurkenningar á eignarrétti ríkisins að Þórisvatni og Holtamannafrétti og hálendissvæðunum þar upp af, til forna nefnt Þjórsártungur. Hafa Landmælingar ríkisins nú markað á eftirfarandi uppdrátt landsvæði þau, sem um er að ræða, og er hann birtur hér í formi framhaldsstefnu til glöggvunar og skýringar á dómkröfum málsins:

Samkvæmt þessu eru kröfur stefnanda þær, að ríkið verði talið grunneigandi að landsvæðum þeim, sem málssókn þessi tekur til og afmörkuð eru á uppdrætti þessum, nánar tiltekið: Af Þjórsá að vestan, síðan upp eftir Háöldukvísl að fjallinu Klakki, þaðan eftir vatnaskilum, svo sem þau eru mörkuð á kortinu, til Fjórðungsöldu, síðan yfir Tungnafellsjökul og Vonarskarð til Bárðarbungu, þaðan eftir hinum afmörkuðu vatnaskilum suður til Háubungu í Vatnajökli, þaðan beina stefnu í Jökulfitjar, þá niður eftir Tungnaá þar til á móts við Svartakamb, þar sem hann er hæstur, þaðan beina línu í Þveröldu norðaustan Þórisvatns, þaðan beina línu í Þóristind, og í Blautukvíslarbotna, og eftir Blautukvísl niður í Tungnaá, en þaðan ráði Tungnaá, þar til hún fellur í Þjórsá “

Auk þess var í framhaldsstefnunni uppdráttur, þar sem dregin voru mörk svæðis þess, sem kröfugerð stefnanda beindist að.

Hinn 26. október 1973 gaf formaður dómsins út framhaldsstefnu þessa.

Var framhaldssök málsins þingfest 12. janúar 1974.

Í greinargerð stefnanda í framhaldssök var nú aðild Skaftár-tunguhrepps mótmælt sem ólöglegri og þess krafist, að kröfum þessa aðilja verði vísað frá dómi og hann dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað. Þá var þess og krafist, að Landmanna-hreppur viki úr málinu, en málskostnaður falli niður, að því er hann varðar. Það kemur fram í greinargerð stefnanda í framhaldssök, að hann hafi hugsað sér að gera varakröfu varðandi „aðgreiningu (staðfræðilega) á afnotabundnum almenningum (þ. e. afréttarsvæðum) og hins vegar hinum frjálsu almenningum (gróðurlausum hálendisvæðum)“, en þar sem áreið hafi ekki farið fram, verði slík kröfugerð að bíða.

Við þingfestingu framhaldssakar var sótt þing af hálfu sýslu-nefndar Eyjafjarðarsýslu og hreppsnefndar Saurbæjarhrepps. Í greinargerð af hálfu þessara aðilja kemur fram, að þeir telji hluta landsvæðis þess, sem krafa stefnanda beinist að, vera innan marka landsvæðis þess, sem þessir aðiljar telji tilheyra Eyja-fjarðarsýslu og Saurbæjarhreppi og afmarkað hefur verið á uppdrætti á dskj. nr. 81, sem þeir hafa lagt fram, en suðurmörk þessi séu „frá Miklafelli í Hofsjökul, norðan Háöldukvíslar, yfir Sprengisand syðst, í bug á Fjórðungskvísl og síðan um Fjórðungskvísl austur í Jökuldal, sunnan Tungnafells.“ Er þess krafist, að kröfum stefnanda, er beinast að landsvæði þessu, verði hrundið, en jafnframt verði viðurkenndur eignarréttur þeirra að landsvæði þessu með öllum gögnum og gæðum, sem landareigninni fylgja í jörðu og á. Þá er og mótmælt kröfum Bárðdælahrepps og Ljósa-vatnshrepps og annarra aðilja málsins að landsvæðinu norðan greindrar línu. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda og annarra gagnaðilja.

Í greinargerð í framhaldssök af hálfu Ásahrepps og Djúpár-hrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum eru þessar dómkröfur gerðar:

1. Fyrir hönd Ása- og Djúpárhrepps, að málinu verði vísað frá dómi.
2. Ef málið verður látið ganga til efnisdóms, þá eru dómkröfur þær f. h. hreppsnefnda Ása- og Djúpárhrepps vegna hrepp-

anna sjálfra svo og eigenda og ábúenda jarða í hreppum þessum, að kröfum stefnanda verði hrundið.

3. Þá er þess og krafist, að stefnanda verði gert að greiða málsvarnarlaun til Ása- og Djúparhrepps, eins og mál þetta væri ekki gjafvarnarmál, og gildir sú krafa, hvort sem málinu lyktar með frávísunar- eða efnisdómi.

Er frávísunarkrafan byggð á því, að stefnandi hafi ekki sannað eða gert sennilegt, að hann hafi öðlast þau réttindi yfir fasteign þeirri, sem eignardómskrafan beinist að, og að hann hafi ekki sent dómáranum skriflega beiðni um útgáfu eignardómsstefnu, svo sem ákvæði 217. gr. og 220. gr. laga nr. 85/1936 mæli fyrir um. Hafi dómarrinn því ekki tekið afstöðu til þess á grundvelli slíkra gagna, hvort stefna skyldi gefin út. Þá er því og haldið fram, að form eignardómsmála verði ekki notað til að fá skorið úr því, hvort ríki geti átt landsréttindi, sem það hefur eigi áður gert tilkall til, hvort sem það taki þau til sín með sjálfstöku og neyði vörsluhafa til málshöfðunar eða hafi sjálft frumkvæðið um málshöfðun. Þá er frávísunarkrafan og studd þeim rökum, að lögmaður stefnanda hafi notað greinargerð í framhaldssök til skriflegs málflutnings, sem sé andstætt ákvæði 2. mgr. 109. gr. laga nr. 85/1936, enda hafi eigi verið ákveðinn skriflegur málflutningur í málinu.

Í greinargerð í framhaldssök af hálfu Holtahrepps og Landhrepps, eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum og jarðanna Næfurholts og Hóla eru þær dómkröfur gerðar, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða þessum aðiljum málskostnað, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar á meðal málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra. Er frávísunarkrafan byggð á því, að eigi hafi verið lagalegur grundvöllur til að höfða mál þetta sem eignardómsmál samkvæmt 217. og 220. gr. laga nr. 85/1936. Jafnframt var því haldið fram, að mála-tilbúnaður af hálfu stefnanda fæli í sér skriflegan málflutning.

Í greinargerð í framhaldssök af hálfu Skaftártunguhrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi eru þær dómkröfur gerðar, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða þessum aðiljum málskostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns þeirra. Er frávísunarkrafan byggð á sömu sjónarmiðum og framangreindra varnaraðila.

Í greinargerð í framhaldssök af hálfu Bárðdælahrepps og Ljósavatnshrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum eru þær dómkröfur gerðar, að málinu verði vísað frá dómi og þess-

um aðiljum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns þeirra.

Í greinargerð í framhaldssök af hálfu sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og hreppsnefndar Saurbæjarhrepps er þess krafist að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða þessum aðiljum málskostnað, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Frávísunarkröfur framangreindra aðilja í Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu eru byggðar á sömu rökum og frávísunarkröfur annarra varnaraðilja, en auk þess kemur fram af hálfu hvors þeirra, að landsvæði það, sem krafa stefnanda beinist að, sé að nokkru innan Eyjafjarðarsýslu og að nokkru innan Suður-Þingeyjarsýslu og sé því varnarþing málsins, að því er þessa hluta landsvæðisins varðar, í Eyjafjarðarsýslu eða Suður-Þingeyjarsýslu, væntanlega eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, sbr. lög nr. 41/1919, 1. gr., og lög nr. 29/1965, 1. gr.

Hinn 18. mars sl. ritaði lögmaður stefnanda dóminum bréf og tjáði honum, að sóknaraðili hefði ákveðið að færa kröfulínu sína í málinu frá vatnaskilum norðan Sprengisands og suður að línu þeirri, sem Bárðdælahreppur og Ljósavatnshreppur miðuðu kröfugerð sína við, en kröfugerð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og Saurbæjarhrepps nái hvergi suður fyrir þessa línu og séu þessir aðiljar því sjálfkrafa úr málinu.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfur varnaraðilja hinn 22. f. m.

Í þinghaldi þessu lýsti lögmaður Bárðdælahrepps og Ljósavatnshrepps og eigenda og ábúenda jarða í þessum hreppum því yfir, að af hálfu þessara aðilja sé fallið frá frávísunarkröfu þeirra í málinu, en jafnframt var því lýst yfir, að þeir geti ekki fallist á, að málið verði hafið, nema tryggt sé, að ekki verði með dómi í málinu fjallað um landsvæði norðan þeirra marka, sem þeir telji til réttar yfir. Af hálfu þessara aðilja var haldið fast við þegar gerða málskostnaðarkröfu.

Af hálfu annara varnaraðilja var haldið fast við framkomnar frávísunarkröfur og málskostnaðarkröfur. Af hálfu sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og Saurbæjarhrepps var því lýst yfir, að fallið sé frá mótmælum gegn varnarþingi málsins.

Í þinghaldi þessu var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að fallið sé frá kröfubreytingu þeirri, sem fram komi í bréfi lögmanns stefnanda hinn 18. mars sl., og falli kröfur stefnanda því í sömu skorður og í framhaldsstefnu. Jafnframt var því lýst yfir, að fall-

ið sé frá frávísunarkröfum hans, að því er varðar Landmanna-
hrepp og Skaftártunguhrepp.

Af hálfu stefnanda var þess krafist í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfum varnaraðilja verði hrundið og varnaraðiljar dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað fyrir þennan þátt málsins, sem ákveðinn verði við endanlegan efnisdóm í málinu. Krafa stefnanda í þessum þætti málsins er byggð á því, að með bréfi, dags. hinn 19. ágúst 1971, hafi þess formlega verið farið á leit við sýslumanninn í Rangárvallasýslu, að eignardómsstefna yrði gefin út. Það hafi svo verið gert að undangenginni ítarlegri athugun. Er því jafnframt haldið fram, að önnur málsmeðferð en eignardómsmeðferð hafi ekki komið til greina, eins og mála-
vöxtum sé háttað, og hafi ekki verið hallað rétti nokkurs aðilja, þvert á móti hafi allir haft greiða og óhindraða aðstöðu til að gæta réttar síns og hafa uppi kröfur, eins og raun hafi á orðið. Þá er frávísunarkröfunum mótmælt á þeim grundvelli, að þær komi allt of seint fram, en samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 skuli frávísunarkröfur koma fram strax og skuli þær teknar til sérstaks málflutnings strax.

Stefnandi telur sig frá alda öðli „grunneiganda“ réttar þess, sem hann krefst viðurkenningar á í máli þessu.

Stefnanda var ljóst, er mál þetta var höfðað, að aðrir aðiljar teldu til réttar á landsvæði því, sem kröfugerð hans beinist að, svo sem fram kemur í frumstefnu, en nánar segir svo um þetta í greinargerð: „Fyrir liggur, að hrepparnir í lágsveitum Rangárþings telja til réttar á Holtamannaafrétti, einkum Ása- og Djúpárhreppar. Hins vegar er ekki kunnugt, hvort Holta- og Landmanna-
hreppar láta mæta í málinu, en þeir eru aðiljar að Landmanna-
afrétti, en lítil sneið af Þórisvatni telst liggja í þeim afrétti. Loks hafa Þingeyingar haft við orð, að þeir „ættu“ Sprengisand og Nýjadal.“

Eins og mál þetta liggur fyrir, er ágreiningsefni aðilja utan marka þeirra, sem ákvæði 220. gr. laga nr. 85/1936 setur til höfðunar eignardómsmála. Á stefnandi ekki lögmæta kröfu til að reka mál þetta sem eignardómsmál samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa málinu í heild frá dómi. Það er athuga-
vert, að í greinargerðum stefnanda í aðalsök og framhaldssök felst skriflegur málflutningur. Hefur kröfugerð af hálfu stefnanda ekki verið stöðug. Þá er það og athugavert, að eigi hefur komið fram, hverjir eru eigendur og ábúendur jarða í Ása- og Djúpár-

hreppum, Skaftártunguhreppi og Ljósavatns- og Bárðdælahreppum, sem kröfur eru hafðar uppi fyrir í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Hinn 28. ágúst 1972 veitti dómismálaráðherra hreppsnefndum Ásahrepps og Djúpárhrepps f. h. hreppanna gjafvörn í málinu, og var Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður jafnframt skipaður til að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.

Hinn 22. nóvember 1972 veitti dómismálaráðherra hreppsnefndum Holtahrepps og Landmannahrepps f. h. hreppanna gjafvörn í málinu, og var Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður jafnframt skipaður til að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.

Hinn 21. nóvember 1972 veitti dómismálaráðherra Bárðdælahreppi og Ljósavatnshreppi gjafvörn í málinu. Hinn 6. september 1973 var Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.

Hinn 22. nóvember 1972 veitti dómismálaráðherra hreppsnefnd Skaftártunguhrepps gjafvarnarleyfi í málinu, og hinn 8. ágúst 1973 var Skúli Pálmason hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.

Hinn 22. mars 1974 veitti dómismálaráðherra sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og hreppsnefnd Saurbæjarhrepps gjafvörn í málinu, og var Friðrik Magnússon hæstaréttarlögmaður jafnframt skipaður til að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.

Gjafvarnarkostnaður hreppsnefnda Ása- og Djúpárhrepps f. h. hreppanna greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðst kr. 275.000.

Gjafvarnarkostnaður hreppsnefnda Holtahrepps og Landmannahrepps f. h. hreppanna greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.000.

Gjafvarnarkostnaður hreppsnefndar Skaftártunguhrepps f. h. hreppsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Skúla Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 125.000.

Gjafvarnarkostnaður Bárðdælahrepps og Ljósavatnshrepps greiðist úr ríkissjóði, kr. 237.920, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.000.

Gjafvarnarkostnaður sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og hrepps-

nefndar Saurbæjarhrepps, kr. 280.102.80, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Friðriks Magnússonar, kr. 200.000.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 7. júlí 1972, vék hinn reglu-
legi dómari sæti í málinu. Hinn 13. júlí 1972 skipaði dómsmála-
ráðherra Bjarna K. Bjarnason borgardómara til að fara með mál
þetta og dæma. Með úrskurði, uppkveðnum hinn 9. ágúst 1972,
vék Bjarni K. Bjarnason sæti í málinu. Hinn 16. ágúst 1972 skip-
aði dómsmálaráðherra Guðmund Jónsson borgardómara til að
fara með mál þetta og dæma. Hefur hann kveðið upp dóm þennan
ásamt samdómendunum Steingrími Gauti Kristjánssyni héraðs-
dómara og Þórhalli Vilmundarsyni prófessor.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður hreppsnefnda Ásahrepps og Djúpár-
hrepps f. h. hreppanna greiðist úr ríkissjóði, þar með talin
málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Páls S. Pálssonar
hæstaréttarlögmans, kr. 275.000.

Gjafvarnarkostnaður hreppsnefnda Holtahrepps og Land-
mannahrepps f. h. hreppanna greiðist úr ríkissjóði, þar með
talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Sveinbjörns
Jónssonar hæstaréttarlögmans, kr. 200.000.

Gjafvarnarkostnaður hreppsnefndar Skaftártunguhrepps
f. h. hreppsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutn-
ingslaun skipaðs talsmanns þeirra, Skúla Pálmasonar hæsta-
réttarlögmans, kr. 125.000.

Gjafvarnarkostnaður Bárðdælahrepps og Ljósavatns-
hrepps, kr. 237.920, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin
málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns Finnssonar
hæstaréttarlögmans, kr. 200.000.

Gjafvarnarkostnaður sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og
hreppsnefndar Saurbæjarhrepps, kr. 280.102.80, greiðist úr
ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns
þeirra, Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmans, kr.
200.000.
